

Í dag 28. apríl 2011 var ársreikningur Stykkishólmbæjar 2010 tekinn til fyrri umræðu. Eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn. Seinni umræða verður 19. maí n.k.

Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og ársreikninga nr. 144/1994 að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga skulu byggðir á almennum reikningsskilaaðferðum.

Ársreikningur Stykkishólmbæjar fyrir árið 2010 byggir á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.

Helstu lykiltölur:

Rekstrartekjur ársins 2010 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrartekjur	687.250	714.609	748.252	767.622
Rekstrargjöld án afskrifta	650.350	623.653	672.340	646.162
Rekstrarniðurstaða án fjármagns liða	36.900	90.956	75.912	121.460
Afskriftir	-40.665	-37.000	-54.846	-51.800
Fjármagnsliðir	-67.413	-36.518	-94.531	-79.554
Rekstrarniðurstaða	-71.178	17.438	-73.465	-9.894
Efnahagur samstæðu pr. 31.12.2010 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Fyrri ár	Ársreikningur	Fyrri ár
Eignir				
Fastafjármunir	2.037.979	1.705.031	2.196.384	1.713.326
Veltufjármunir	242.121	244.524	109.903	133.212
Eignir samtals	2.280.100	1.949.555	2.306.287	1.846.538
Skuldir og eigið fé				
Eigið fé	1.051.306	777.923	882.496	461.818
Skuldbindingar	204.067	209.919	204.067	209.919
Langtímaskuldir	863.813	788.591	1.029.904	971.011
Skammtímaskuldir	160.914	173.122	189.820	203.790
Skuldir og eigið fé samtals	2.280.100	1.949.555	2.306.287	1.846.538

Sjóðsstreymi ársins	Sveitarsjóður		Samantekið	
2010 í þús. kr.	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrarniðurstaða	-71.178	17.438	-73.465	-9.894
Veltufé frá rekstri	6.363	99.438	24.915	105.504
Handbært fé frá rekstri	32.604	90.938	49.844	108.504
Fjárfestingarhreyfingar	-39.007	-120.000	-45.757	-120.000
Fjármögnunarhreyfingar	1.951	-19.376	-8.539	28.718
Lækkun á handbæru fé	-4.452	-48.438	-4.452	17.222

Í hlutfalli við rekstrartekjur	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur	62,19%	60,26%	57,11%	58,19%
Framlög jöfnunarsjóðs	19,09%	19,85%	17,54%	18,48%
Aðrar tekjur	18,72%	19,89%	25,35%	23,33%
Samtals	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld	63,58%	55,91%	59,59%	53,20%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,56%	3,08%	0,52%	0,00%
Annar rekstrarkostnaður	30,49%	28,29%	29,74%	28,11%
Afskriftir	5,92%	5,18%	7,33%	6,75%
Fjármagnsliðir, nettó	9,81%	5,11%	12,63%	10,36%
Gjöld samtals	110,36%	97,57%	109,81%	98,42%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	-10,36%	2,43%	-9,81%	1,58%

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstur				
Rekstrartekjur samtals:	624.772	649.645	680.229	704.241
Rekstrargjöld og fjármagnliðir:	689.480	633.792	747.015	713.317
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	-64.708	15.853	-66.786	-9.076

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
Efnahagur	2010	2009	2008	2007
Eignir	2.072.818	1.788.583	1.633.234	1.528.985
Eigið fé	955.733	713.690	625.294	671.805
Skuldir og skuldbindingar	1.117.085	1.074.893	1.007.941	857.180
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags	165.377			

Aðrar lykiltölur	2010	2009	2008	2007
Veltufjórhlutfall	1,50	1,41	1,83	1,57
Eiginfjórhlutfjall	46,11%	39,90%	38,29%	43,94%
Íbúatala 1.desember	1.100	1.090	1.108	1.102

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 748,3 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 687,3 millj. kr.

Rekstrargjöld A og B hluta námu 821,7 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 758,5 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 71,2 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 73,5 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2010 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 882,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 1.051,3 millj. kr.

Rekstrarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er neikvæð um 73,5 millj. kr. Meginátæður eru fyrir þessu eru:

- Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs A-hluti var neikvæð um 71,2 millj. Helstu ástæður þessarar rekstrarniðurstöðu má rekja til hækkunar launakostnaðar miðað við fjárhagsáætlun. Einnig urðu tekjur bæjarsjóðs umtalsvert minni miðað við fjárhagsáætlun. Tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa dregist mikið saman eftir efnahagshrunið haustið 2008.

Það sem er jákvætt við rekstur bæjarsjóðs A og B hluta er að Hafnarsjóður var rekin með 6,5 millj. kr. hagnaði, sem er mikill viðsnúningur miðað við tap s.l. ár. Auk þess var 0,6 millj.kr. hagnaður Fráveitu á árinu, en það var 27,1 milljón kr. tap á henni á árinu 2009.

Fjárfestingar voru 45,8 milljónir króna og vegur fjárfesting í Grunnskóla viðbygging og eldhúsaðstaða í Íþróttamiðstöð þyngst.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,28%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,43% á íbúðarhúsnæði.

Álagningarhlutfall á aðrar fasteignir var 1,65%. Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Stykkishólmbæjar.

Nánari upplýsingar veitir: Þór Örn Jónsson, bæjarritari, í síma 433-8100